

L Ö G

94

16. des.

um breyting á lögum nr. 40 30. júní 1942, um breyting á lögum nr. 112 9. okt. 1941, um lax- og silungsveiði.

RÍKISSTJÓRI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Aftan við 2. gr. laga nr. 40 1942 kemur nýr málsl., svo hljóðandi:

Einnig getur ráðherra, að fengnu áliði veiðimálanefndar, heimilað ádrátt fyrir beitusild (smásild og loðnu) á friðuðu svæði tiltekinn tíma árs.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört á Bessastöðum, 16. desember 1943.

Sveinn Björnsson.

(L. S.)

Vilhjálmur Þór.

L Ö G

95

16. des.

um viðauka við lög nr. 14 20. okt. 1905, um fyrning skulda og annarra kröfuréttinda.

RÍKISSTJÓRI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Nú er lánardrottinn búsettur eða dvelst í Danmörku, Finnlandi, Noregi eða öðru því ríki á meginlandi Evrópu, sem er styrjaldarríki eða hernumið, og fellur þá krafa, er hann átti 10. apríl 1940 eða síðar á hendur aðila á Íslandi, ekki niður vegna fyrningar, fyrr en eitt ár er liðið frá því, að styrjaldarástandi eða hernáms í dvalarlandi hans er lokið og póstsamband er komið á milli þess lands og Íslands.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört á Bessastöðum, 16. desember 1943.

Sveinn Björnsson.

(L. S.)

Einar Arnórsson.